




Monofinish

**Einpátta meðalharðnandi
sementsbundinn múr til
jöfnunar á steinsteypum
og múruðum veggjum**



Hentar við eftirfarandi aðstæður

Yfirborðsvörn og jöfnun steyptra og múraðra veggflata.

Nokkrir notkunarmöguleikar

- Slétta steinsteyptra veggj fyrir málun.
- Slétta viðgerða bletti, t.d. með Mapegrout múr.
- Slétta ójöfnur á eldri múr sem þegar hefur góðan styrk.

TÆKNILEGIR EIGINLEIKAR

Monofinish er einpátta múrefni í duftformi. Hefur mikinn styrk, og inniheldur valda fínkornaða sandblöndu, sérvalin aukefni og tilbúnar fjölliður samkvæmt forskriftum frá tilrauna- og rannsóknastofum MAPEI.

Við vatnsíblöndun verður til þjáll múrmassi, sem auðvelt er að bera á lóðréttu fleti, allt að 2-3 mm þykkt í umferð. Vegna fjölliðuinnihaldsins hefur **Monofinish** afar góða viðloðun við alla steinsteyptra fleti, og myndar þétt sterkt múrlag eftir hörðun.

Monofinish uppfyllir kröfur sem skilgreindar eru í staðli EN 1504-9 („Vörur og kerfi til verndunar steinsteyptra mannvirkja, - skilgreiningar, kröfur, gæðaeftirlit og áreiðanleikamat. Almenn viðmið við notkun vara og kerfa“), stenst lágmarkskröfur í EN 1504-3 („Viðgerðir á burðarvirkjum og mannvirkjum án álags“), sem eru gerðar til múrefna í flokki R2

fyrir mannvirki án álags, og kröfur í EN 1504-2 til yfirborðsefna í flokki (C) („Verndarkerfi fyrir steinsteyppt yfirborð“), samkvæmt MC og IR kröfum.

VARNAÐARORÐ

- Notið ekki **Monofinish** þar sem þörf er á mikilli múrþykkt (í þeim tilvikum er mælt með **Mapegrout Thixotropic**, **Mapegrout T40**, **Mapegrout BM** eða **Mapegrout Hi-Flow**).
- Notið ekki **Monofinish**, sé umhverfishitastig lægra en +5°C.
- Blandið ekki sementi eða öðrum múrefnum saman við **Monofinish**.
- Þar sem múra skal votrými eða aðra fleti sem eru sívotir eða undir núningsálagi, er mælt með **Mapefinish**.

LEIÐBEININGAR

Undirbúningur undirlags

Allir fletir skulu vera fullharðnaðir, heilir, þurrir og lausir við óhreinindi. Hreinsið burt allar saltútfellingar, mótaolíu eða agnir með sand- eða háþrýstivatnsblæstri.

Endurbyggjið skemmd svæði með múr úr **Mapegrout** vöruflokknum (sjá viðkomandi tækniblöð). Eftir slíkar smáviðgerðir með **Mapegrout** múr, skal metta yfirborð með vatni, og umframvatn látið gufa upp.

Monofinish



Múr borinn á með bretti



Jöfnun með
svampbretti

Monofinish: Einpátta meðalharðnandi sementsbundinn múr til jöfnunar á steinsteyptum og múruðum veggjum. Uppfyllir kröfur í staðli EN 1504-3, flokki R2, og samkvæmt EN 1504-2 -yfirborðsefni (C), kröfur MC og IR.				
TÆKNIUPPLÝSINGAR (dæmigerð gildi)				
Vörulýsing				
Gerð:	PCC			
Eðlisástand:	powder			
Litur:	grár			
Hámarkskornastærð	0,4 mm			
Eðlismassi (kg/m³):	1,200			
Purrefnisinnihald (%):	100			
Innihald klórjóna – EN 1015-17 (%)	≤ 0.05 (lágmarkskrafa)			
Samsetning og eiginleikar blöndu (20°C og 50% loftraki)				
Litur blöndu:	Grár			
Blöndunarhlutfall:	100 hlutar Monofinish, og 18-19 hlutar vatns (úpb 4,0-4,2 lítrar vatns á 22 kg poka)			
Áferð blöndu:	Léttfljótandi, má leggja út með spaða eða bretti			
Eðlismassi blöndu (kg/m³):	1,700			
Vinnsluhitabil:	+5°C- +35°C			
Vinnslutími (í fláti)::	1 klst			
Yfirborð snertipurrt:	Um 30 mín			
Yfirmálun:	3 dagar á Monofinish 7 dagar á múr úr Mapegrout vöruflokknum, sem sléttaður er með Monofinish			
Endanlegir eiginleikar (18,5% vatnsiblöndun – 2,5 mm þykkt)				
Eiginleiki	Mæliaðferð	Kröfur skv. EN 1504-2 -yfirborðsefni (C), kröfur MC og IR	Kröfur skv. EN 1504-3 murefni í flokki R2	Niðurstöður
Þrýstipól (MPa):	EN 12190	Ekki krafist	>= 15 eftir 28 daga	>4 (eftir 1 dag) >15 (eftir 7 daga) >25 (eftir 28 daga)
Beygjuþol (MPa):	EN 196/1	Ekki krafist	Ekki krafist	>1,5 (eftir 1 dag) >4,0 (eftir 7 daga) >6,5 (eftir 28 daga)
Þrýstífaðurstuðull (GPa):	EN 13412	Ekki krafist	Ekki krafist	12 (eftir 28 daga)
Viðloðun við stein-steypu (gerð MC 0,40) skv. EN 1766 (Mpa):	EN 1542	Fyrir stíf burðarvirki án umferðar >= 1, með umferð >=2	>= 0,8 (eftir 28 daga))	>= 2 (eftir 28 daga)
Hitasveifluþol mælt sem viðloðun skv. EN 1542 (Mpa): -Frost-þíðu sveiflur -Þrumuskúrir -Hitasveiflur	EN 13687/1 EN 13687/2 EN 13687/4	Fyrir stíf burðarvirki án umferðar >= 1, með umferð >=2	>= 0,8 (>50 sveiflur) >= 0,8 (>50 sveiflur) >= 0,8 (>50 sveiflur)	≥ 2 ≥ 2 ≥ 2
Hárpípusog (kg/m²·h ^{0.5}):	EN 13057	Ekki krafist	< 0.5	< 0.30
Gleypni (miðað við utanálíggjandi vatn) (kg/ m²·klst ^{0.5}):	EN 1062-3	W < 0.1	Ekki krafist	W < 1,0 Flokkur III (lág vatnsgleypni skv. EN 1062-1)
Gleypni gagnvart vatnsgufu – samsvarandi loftþykkt SD-(m):	EN ISO 7783-1	Fl. I SD < 5m Fl.II 5m< SD < 50m Fl.III SD >50m	Ekki krafist	S _D < 5m Flokkur I (gleypnt gagnvart vatnsgufu)
Þol gagnvart hraðri afkölkun (carbonation):	EN 13295	Ekki rkafist	Ekki rkafist	Dýpt afkölkunar <= á viðmiðunarsteypu (gerð MC 0,45, vatns/ steypuhlutfall =0,45) skv. UNI 1766
Brunaðol:	EN 13501-1	Euroclass		E

Nota má þrýstiloft eða svamp eftir þörfum.

Berið ekki **Monofinish** á fleti, sé á þeim vatnsfilma.

Blöndun

Hellið 4,0-4,2 lítrum af vatni í hreint ílát og bætið síðan rólega við innihaldi 22 kg **Monofinish** poka. Hrærið stöðugt, t.d. með borvélarhræru í nokkrar mínútur og gætið þess að skrapa allt óhrært efni af veggjum og botni ílátsins. Haldið áfram hrærslu þar til massinn er orðinn þjáll og einsleitur. Notkun hræribúnaðar kemur í veg fyrir of mikla upptöku lofts. Forðist að handhræra.

Múrvinna

Leggið múrblönduna á undirlagið með spaða eða bretti. Hámarksþykkt í umferð er 2-3 mm.

Sé meiri þykktar óskað, skal fara fleiri umferðir.

Monofinish er jafnað með flötu bretti eða bretti með rökum svampi eftir 30 mínútur, miðað við +20°C hitastig.

Hafi yfirborð tilhneigingu til að þorna við jöfnun, má úða vatni á það til að auðvelda verkið.

Við hátt hitastig eða mikinn vind, ætti að úða vatni á múrinn fyrstu klukkustundirnar til að hindra sprungumyndun.

Hreinsun áhalda

Hreinsið áhöld með vatni áður en **Monofinish** múrinn harðnar. Gerist það er einungis unnt að hreinsa áhöld með slípun eða öðrum verkfærum.

Efnisnotkun

1,4 kg/m² fyrir hvern mm þykktar.

Pökkun

Monofinish er afgreitt í 22 kg pokum.

Geymsla

Monofinish þolir geymslu í 12 mánuði í

upprunalegum umbúðum á þurrum stað. Varan uppfyllir viðmið skv. Reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (REACH), Viðauka XVII, grein 47.

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR VARÐANDI UNDIRBÚNING OG NOTKUN

Leiðbeiningar um örugga notkun á vörum okkar er að finna á nýjustu útgáfu af öryggisblaði sem er í boði á heimasíðu okkar www.mapei.no okkar.

VARA ÆTLUÐ TIL NOTKUNAR AF FAGMÖNNUM.

VIÐVÖRUN

Jafnvel þótt tæknilegar upplýsingar og ráðleggingar í gagnablaði þessu með vörunni séu í samræmi við okkar bestu þekkingu og reynslu, ber að taka öllum ofangreindum upplýsingum sem leiðbeinandi eingöngu og á grundvelli hagnýtrar notkunar til langs tíma lítið. Þar af leiðandi þarf hver sá sem hyggst nota vöruna að tryggja sér fyrir fram að hún henti til áætlaðrar notkunar. Notandinn er einn og öllum tilvikum að fullu ábyrgur fyrir öllum afleiðingum þess að varan sé notuð.

Kynntu þér vinsamlegast gildandi útgáfu af tæknigagnablaðinu sem finna má á vefsetri okkar www.mapei.no

TILKYNNING UM LAGALEG ATRIÐI

Innihald þessa tækniblaðs („TDS“) má afrita í annað skjal tengt verkefni, en það skjal skal ekki vera viðbót eða koma í staðinn fyrir tækniblaðið sem er í gildi á þeim tíma sem vara Mapei er notuð. Til að nálgast nýjustu tækniblað og upplýsingar varðandi ábyrgð, vinsamlegast heimsækið heimasíðu okkar á www.mapei.no
ALLAR BREYTINGAR Á ORÐALAGI EÐA KRÖFUM SEM FELAST Í EÐA ÚR ÞESSU ÖRYGGISBLAÐI MUNU ÓGILDA ALLA TENGDA ÁBYRGÐ MAPEI.

Hægt er að biðja um allar viðeigandi upplýsingar um vöruna og nálgast þær á www.mapei.no



Monofinish

